

Aðgangur að gögnum

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Meginviðfangsefni

- Hvenær á aðili **rétt á aðgangi að gögnum** og hvaða **undantekningar** eru á upplýsingarétti aðila?
- Hvaða rétt á aðili til að **tjá sig um efni máls (gæta andmælaréttar)** áður en stjórnvaldsákvörðun er tekin?
- Hvaða rétt eiga aðilar til upplýsinga frá barnaverndarnefndum?

Samspil barnaverndarlaga og stjórnsýslulaga

- 38. gr. Barnaverndarlaga: „Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málishöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.“

Ákvæði barnaverndarlaga um aðgang að gögnum

• 45. gr. Barnaverndarlaga:

„Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggi þeir trúnað.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrít af þeim séu afhent.“

Hvað liggur að baki andmælaréttinum?

- Markmið andmælaréttar er að aðili máls fái tækifæri til að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins með því að kynna sér gögn máls, tjá sig um framkomnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum og viðhorfum sínum.
- Að baki þessu markmiði liggja einkum tvenns konar sjónarmið:
 - Að réttaröryggi málsaðila sé tryggt með því að stjórnvöld taki aðeins ákvarðanir sem eru byggðar á réttum upplýsingum.
 - Að vekja traust aðila máls og almennings á málsmeðferð hjá stjórnvöldum.

UA 3306/2001 (kaupréttur á ábúðarjörð)

„[A]ndmælaeign endurspeglar ekki síður það sjónarmið að rétt sé og eðlilegt að aðili máls fái að hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalds sem hefur þýðingu fyrir líf hans og sem snertir mikilvæga fjárhagslega eða félagslega hagsmuni. Það er rökrétt að mínu áliti að ganga út frá því að aðili máls sé fremur tilbúinn til þess að fallast á niðurstöðu stjórnvalds ef hann hefur átt raunhæfan kost á að taka virkan þátt í meðferð máls með því að veita stjórnvaldinu upplýsingar sem máli skipta og tækifæri til að taka afstöðu til lagaatriða. Að baki andmælaeigninni búa því ekki aðeins sjónarmið sem ætlað er að tryggja eftir fremsta megni rétta niðurstöðu í stjórnsýslumáli heldur hefur reglan einnig þann mikilvæga tilgang að vekja traust aðila máls og almennings á málsmeðferð stjórnsýslunnar.“

Almennt um andmælarétt

- Reglur um andmælarétt eru lögfestar í stjórnslulögum að því er varðar stjórnvaldsákvæðanir.
- Óskráð andmælaegla:
 - Fyrir setningu stjórnslulaga voru dæmi um beitingu óskráðrar andmælaeglu, einkum í málum sem vörðuðu mikilvæga persónulega eða fjárhagslega hagsmuni aðila.
 - Eftir gildistöku stjórnslulaga eru dæmi um að vísað sé til óskráðrar andmælaeglu vegna ákvæðana sem falla utan gildissviðs laganna.

Hrd. 528/2013 (uppsögn starfsmanns Alþingis)

„Eins og atvikum var háttað hefði stefnda borið, með vísan til óskráðrar rannsóknarreglu stjórnsluréttar, að láta ganga úr skugga um hvort líkamleg heilsa áfrýjanda hefði þá enn staðið í vegi fyrir að hún gæti tekið við fyrra starfi sínu hjá stefnda, til dæmis með því að afla álits trúnaðarlæknis hans, sbr. áðurnefnda grein 12.3.1 í kjarasamningnum. Einnig hefði átt að gefa áfrýjanda kost á að tjá sig um fyrirhuguð starfslok á þeim tíma samkvæmt óskráðri reglu stjórnsluréttar um andmælarétt.“

Andmælaréttur í stjórnslulögum

- Til að fá heildstæða mynd af rétti aðila til að koma á framfæri athugasemdum við efni stjórnslumáls verður að horfa á IV. kafli laganna í heild og átta sig á samspili ákvæðanna.
- Annars vegar er þar kveðið á um rétt aðila til þátttöku í málsmeðferðinni, m.a. til að kynna sér gögn máls og tjá sig um þau, ef hann ber sig eftir því.
- Hins vegar eru þar ákvæði sem leggja skyldur stjórnvöld að hafa frumkvæði að því að gefa aðila máls tækifæri til að nýta þennan rétt.
- Athuga sérstök sjónarmið um það þegar fleiri en einn aðili er að máli.

Andmælaréttur í stjórnslulögum

18. gr. stjórnslulaga:

„Stjórnvaldi er heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.“

Að öðrum kosti getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Máli skal þó ekki frestað ef það hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmæltum fresti til afgreiðslu málsins.“

Samspil stjórnslulaga og barnaverndarlaga

13. gr. stjórnslulaga:

„Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.“

47. gr. barnaverndarlaga:

„Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.“

Samspil stjórnslulaga og barnaverndarlaga

14. gr. stjórnslulaga:

„Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.“

3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga:

„Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.“

Andmælareglan – frumkvæði stjórnvalds

- Meginálítaefnið er hvenær stjórnvaldi er óheimilt að taka ákvörðun fyrr en það hefur gefið aðila máls sérstakt færi á að tjá sig, þ.e. frumkvæði stjórnvalds að andmælarétti aðila.
- Í lögskýringargögnum koma fram fjögur skilyrði sem virkja þessa skyldu stjórnvalda:
 - (1) málsaðila sé ókunnugt um að
 - (2) ný gögn og upplýsingar hafi bæst við mál hans og
 - (3) telja verði að upplýsingarnar séu honum í óhag og
 - (4) hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Málsaðila er ókunnugt um upplýsingar

- Málsaðili getur vitað að upplýsinga verði aflað frá tilteknum aðilum, t.d. með álitsumleitan, en ef efni upplýsinganna er honum ókunnugt er þetta skilyrði uppfyllt.
- Málsaðili getur líka vitað af því að tilteknar upplýsingar séu til en verði ókunnugt um að stjórnvaldið sé með þær undir höndum og/eða þær séu orðnar hluti af gögnum stjórnsýslumálsins sem er til úrlausnar.
- Ef stjórnvald aflar upplýsinga til að staðreyna eitthvað sem kemur fram annars staðar í gögnum málsins, t.d. í umsókn aðila, er almennt ekki litið svo á að aðila sé ókunnugt um þær upplýsingar.

Ný gögn eða upplýsingar hafa bæst við mál

- Við meðferð stjórnsýslumáls verða til ýmis gögn hjá stjórnvöldum. Ef talið er að um sé að ræða ný gögn eða upplýsingar sem hafa bæst við mál er þetta skilyrði uppfyllt.
- Gildir um upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir mat á atvikum málsins eða sönnun um það hverjar þær eru, t.d. umsagnir sérfræðinga.
 - UA 3787/2003 (heimilisuppbót)
 - UA 4585/2005 (framleiðslustyrkur vegna kvikmyndar)
- Á ekki við um vangaveltur barnaverndarnefndar um túlkun ákvæða sem kann að reyna á.
- Afstaða stjórnvalds, sem t.d. er skráð í minnisblöðum, telst ekki til nýrra gagna sem hafa bæst við málið í þessum skilningi.

Upplýsingarnar eru aðila í óhag

- Stjórnvald þarf að veita aðila andmælarétt ef upplýsingar eru aðila í óhag. Við mat á þessu skilyrði þarf að líta til atvika máls og lagagrundvallarins.
- Gildir þegar fram koma staðreyndir við meðferð máls sem kunna að verða tilefni til þess að barnaverndarnefndir beiti úrræðum sínum gegn forsjáradílum.

Upplýsingarnar hafa verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins

- Upplýsingar sem eru léttvægar eða hafa ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins kalla ekki á að stjórnvald bregðist við og veiti aðila færi á að koma að andmælum.
- Vafi um hvort skilyrðið um verulega þýðingu sé uppfyllt á einkum við þegar um er að ræða matskennda stjórnvaldsákvörðun sem byggir á mörgum sjónarmiðum.
 - **UA 5466/2008 (skipun orkumálastjóra)**

Undantekningar frá andmælarétti

- Samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga:
 - Afstaða og rök aðila liggja fyrir í gögnum málsins.
 - Augljóslega er óþarft að veita aðila færi á að tjá sig.
- Upplýsingar undanþegnar upplýsingarétti aðila, sbr. 2. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga um nafnleynd tilkynnanda.
- Aðrar aðstæður:
 - Ómöguleiki.
 - Nauðsynlegt að afstýra yfirvofandi hættu.

Hvernig á að standa að því að veita andmælarétt?

- Engin almenn regla eða formkröfur um hvernig veita skuli andmælarétt.
- Tilkynning, skv. 14. gr. stjórnslulaga, svo og eftir atvikum önnur samskipti stjórnvalds við aðila vegna andmælaréttar verða að vera skýr enda verður aðilinn að vita um hvað málið snýst til að geta tjáð sig.
 - UA 5669/2009 (lögheimliisskráning)
- Frestur sem málsaðila er veittur til að koma athugasemdum á framfæri þarf að vera hæfilegur.
 - Hrd. 37/2003 (ólögmætt samráð á grænmetis- og ávaxtamarkaði)
- Stjórnvald verður að gæta þess að málsaðila sé gefið raunhæft tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.
 - Sjá t.a.m. Hrd. 151/2000 (uppsögn vagnstjóra) og UA 6649/2011 (lögregluðaður í sumarafleysingum).

Almennt um upplýsingarétt aðila máls

- Markmið upplýsingaréttar aðila máls er að gera honum kleift að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins, leiðréttar upplýsingar og koma fram með fyllri upplýsingar áður en stjórnvald tekur ákvörðun í máli hans.
- Forsenda fyrir því að andmælaréttur sé virkur.
- Frumkvæðið að því að virkja upplýsingaréttinn sem slíkan er hjá aðila máls.

Almennt um upplýsingarétt aðila máls

- Almennt gilda ekki aðrar takmarkanir á upplýsingarétti en koma fram í stjórnslulögum
 - Ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki aðgang, sjá 5. mgr. 15. gr. stjórnslulaga.
 - Heldur ekki höfundaréttur, ákvæði í samningum um trúnað o.þ.h.
- Ákvæði IV. kafla stjórnslulaga eru lágmarksreglur um upplýsingarétt aðila máls. Stjórnvaldi er almennt heimilt að veita aðila frekar aðgang að gögnum máls standi reglur um þagnarskyldu eða mikilvægir almanna- eða einkahagsmunir því ekki í vegi, sbr. 11. gr. upplýsingalaga.

Almennt um upplýsingarétt aðila máls

- Hvernig á að leysa úr álitamálum um upplýsingarétt aðila
 - Meginreglan að aðili máls á rétt á að kynna sér öll gögn máls (15. gr. stjórnsýslulaga.)
 - Undantekningar
 - Tiltekin mál (6. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga)
 - Tiltekin gögn (16. gr. stjórnsýslulaga)
 - Tilteknar upplýsingar (17. gr. stjórnsýslulaga)

Breyta ákvæði barnaverndarlaga einhverju?

- 45. gr. barnaverndarlaga:

„Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggi þeir trúnað.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.“

Breyta ákvæði barnaverndarlaga einhverju?

- Kemur fram í greinargerð með barnaverndarlögum að þar sé í reynd bara gert ráð fyrir tveimur frávikum:
 - Annars vegar 4. mgr. 21. gr. þar sem kveðið er á um að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra um að könnun sé hafin. Þetta ákvæði felur í sér nokkurt frávik frá 14. gr. stjórnsýslulaga, sem í þessu tilviki er réttlætt með því að ríkir hagsmunir barns og rannsóknarhagsmunir kunni að réttlæta það.
 - Hins vegar 2. mgr. 45. gr. um að barnaverndarnefnd geti með rökstuddum úrskurði ákveðið að tiltekin gögn skuli ekki afhent telji hún afhendingu þeirra geta skaðað hagsmuni barnsins. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau, eða ljósrit af þeim, séu afhent.
 - Að öðru leyti er við það miðað að ákvæði barnaverndarlaga feli ekki í sér reglur sem veiti aðilum máls lakari réttarstöðu en leiða mundu af stjórnsýslulögum þótt sumar þessara regluna eigi vissulega sérstaklega við um barnaverndarmál.

Meginreglan um aðgang aðila að gögnum stjórnýslumáls

- 1. másl. 15. gr. stjórnýslulaga: „Aðili máls á rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða.“
- Aðili máls á rétt á aðgangi að gögnum á þessum grundvelli
- Rétturinn nær til gagna tiltekins stjórnýslumáls.

Hvað er átt við með „gögnum máls“?

- Við skýringu hugtaksins „gögn“ máls er litið til þess hvernig hugtakið hefur verið túlkað í upplýsingalögum, sbr. 2. mgr. 5. gr. uppl.
 - Hefðbundin skrifleg skjöl, svo sem umsóknir, bréf, minnisblöð, þar á meðal minnisblöð sem rituð eru um málsatvik, fundargerðir, erindi frá öðrum stjórnvöldum o.fl. en einnig annars konar gögn, svo sem myndir, teikningar, filmur, hljóðupptökur, myndupptökur o.s.frv.
- Ekki skiptir máli hvaðan gögnin eru fengin
 - Frá öðrum stjórnvöldum, frá aðila, frá einkaaðilum, úr eldri málum.
 - **UA 7241/2012 (skipun í embætti forstjóra Fjármálaeftirlitsins)**
- Gögnin snerta það álitaefni sem úrlausn máls byggir á, ekki bara gögn sem niðurstaða málsins er með beinum hætti byggð á.

Hvað er átt við með „gögnum máls“?

- Mál: Tiltekið úrlausnarefni sem er eða hefur verið til meðferðar og ætlun er að leysa úr eða úr því hefur verið leyst með stjórnvaldsákvörðun.
 - Horft til þess hvort gögn hafi þá efnislegu tengingu við stjórnýslumálið að rétt sé að telja þau til gagna máls.
 - **UA 5481/2008 (ábendingar til Samkeppniseftirlitsins)**

Skyldan til að skrá upplýsingar skriflega.

- Stjórnvöld verða að gæta þess að gögn sem aflað er frá öðrum aðilum skili sér inn í stjórnáskráningu, t.d. einkaaðilum sem aðstoða við undirbúning stjórnáskráningu.
 - UA 3616/2002 (ráðning dagskrárstjóra)
- Forsenda yfirsýnar yfir gögn máls er að skipulega sé staðið að skráningu og geymslu mála.
- Samkvæmt 42. gr. barnaverndarlaga hvílir barnaverndarnefnd skylda til að skrá tilteknar upplýsingar, sem veittar eru munnlega og geta haft þýðingu við meðferð málsins og er ekki að finna í öðrum gögnum þess.
 - Ákvæðinu er ætlað að tryggja að þær staðreyndir sem úrlausn máls er byggð á liggja fyrir í gögnum þess.

Hvaða mál eru undanþegin upplýsingarétti?

- Rannsókn og saksókn í sakamáli, sbr. 6. mgr. 15. gr. stjórnáskráningu.
 - Fyrst og fremst mál þar sem kemur til álita að ákæra eða ljúka skv. heimildum í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.
 - Ef mál er rannsakað hjá öðru stjórnvaldi en síðan sent til lögreglu til rannsóknar eru þau gögn sem fyrrnefnda stjórnvaldið sendir undanþegin upplýsingarétti.
 - Fram til þess tíma að málið er framsent lögreglu á undantekningu er ekki við
 - UA 6121/2010 (hæfi framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs)
- Önnur mál sem eru í heild sinni undanþegin ákvæðum stjórnáskráningu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti

- 1. mgr. 16. gr. stjórnáskráningu:

„Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

 - Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.
 - Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til áfnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
 - Vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin áfnota. Þó á aðili aðgang að vinnuskjöllum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.“

Vinnuskjöl sem stjórnvald ritar til eigin afnota

- Markmið að veita stjórnvöldum svigrúm til að veita og meta mál skriflega við undirbúning að úrlausn.
- Atriði sem oftast einkenna vinnuskjöl
 - Starfsmenn hlutaðeigandi stjórnvalds hafa tekið skjalið saman.
 - Stjórnvaldið hefur ritað skjalið til eigin afnota.
 - Skjalið notað með sama hætti og vinnuskjöl eru almennt notuð.
- Tvær undantekningar frá undantekningunni
 - Ef skjalið hefur að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls.
 - Ef skjalið hefur að geyma upplýsingar sem ekki verður aflað annarsstaðar frá.

Upplýsingar sem eru undanþegnar upplýsingarétti

- 17. gr. stjórnsýslulaga:

„Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að vikja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum“
- Undantekning sem á að túlka þröngt.
- Stjórnvald tekur ákvörðun um undanþágu eftir hagsmunamat. Hagsmunir sem veita á saman:
 - Hagsmunir málsaðila
 - Andstæðir almanna- eða einkahagsmunir

Hvaða áhrif hafa ákvæði barnaverndarlaga um nafnleynd?

- 2. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga:
 - „Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd og synjun um að aflétta nafnleynd er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda og foreldri um rétt til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.“

Sjónarmið við ákvörðun um nafnleynd

- Réttlát málsmeðferð og réttur aðila máls til að vita hver tilkynnti um ófullnægjandi aðbúnað barns.
 - Það kann að skipta hann miklu máli til þess að andmælaréttur hans nýtist að fullu. Sé lögd áhersla á þetta sjónarmið leiðir það til þess að gera verður ráð fyrir því sem meginreglu að aðili eigi rétt á að vita hver tilkynnandi er. Er gengið út frá þeirri meginreglu í þessu frumvarpi.
- Vernd tilkynnanda.
 - Tilkynnandi sjálfur, sem er ekki að gera annað en að gæta hagsmuna tiltekins barns og um leið opinberra hagsmuna, eigi rétt á því að vera laus við þau óþægindi sem vitneskja aðila kann að hafa í för með sér fyrir tilkynnanda.
- Skilvirkni og árangur í barnaverndarstarfi.
 - Ef tilkynnendum er ekki tryggð nafnleynd muni það fæla þá frá því að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf kynni að vera á afskiptum hennar.

Sjónarmið við ákvörðun um nafnleynd

- Samkvæmt barnaverndarlögum er nafnleynd tilkynnanda meginreglan.
 - Byggist á því að sjónarmið um virkni og árangur í barnaverndarstarfi vegi þyngst. Nauðsynlegt sé að upplýsingar um aðbúnað barna berist greiðlega til barnaverndarnefndar. Jafnframt er byggt á því sjónarmiði, sem er tengt hinu fyrrnefnda, að verði tilkynnendum ekki tryggð nafnleynd mundi það fæla þá frá að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf væri á afskiptum hennar.
- Ákvæði núgildandi laga og frumvarpsins um nafnleynd endurspeglar sérstöðu barnaverndarmála innan stjórnsýslunnar, að börn eru ekki talin þess umkomin að gæta hagsmuna sinna sjálf með því að snúa sér til barnaverndaryfirvalda.

Upplýsingar sem eru undanþegnar upplýsingarétti

- Meta verður hvert skjal sem lýtur takmörkun á upplýsingarétti aðila, sbr. 2. mgr. 16. gr. ssl.
 - Hrd. 72/2011 (Valitor) og UA 8117/2014 (ráðning í starf hjá Höfuðborgarstofu)
- Ef bara hluti skjalsins uppfyllir skilyrði takmörkunar á að veita aðgang að hluta,
 - UA 4686/2006 (ráðning í starf lektors)

Hvernig á að haga meðferð máls þegar leyst er úr beiðni um aðgang að gögnum?

- Beiðni um aðgang er borin upp við það stjórnvald sem hefur mál til úrlausnar.
 - Meginreglan að aðili á strax við upphaf málsins rétt á aðgangi að gögnum
- Leysa þarf úr beiðninni með (málsmeðferðar)ákvörðun
 - Í reynd verður til sérstakt mál sem þarf að leysa úr.
 - Athuga sérsjónarmið um aðild.
- Frestun á afgreiðslu máls, sbr. 18. gr. ssl.
 - Stjórnvald má ekki taka neinar efnisákvæðanir í málinu á meðan.
- Ef beiðni er sýnjað eða takmarkaður aðgangur er veittur verður að tilkynna um niðurstöðuna og veita leiðbeiningar um heimild til rökstuðnings og um kæruheimild.

Beiðni aðila um upplýsingar samkvæmt 14. gr. upplýsingalaga

- Skylt er sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að fyrirbyggjandi gögnum ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan, sbr. 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga.
- Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki: 1. um gögn sem talin eru í 6. gr., og 2. um gögn sem hafa að geyma upplýsingar um mikilvæga almannahagsmuni sem leynt elga að fara skv. 10. gr.
- Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum.
- Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um sjúkraskrár.
- Ákvæði 5., 11. og 12. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um aðgang aðila að gögnum.

Beiðni aðila um upplýsingar samkvæmt 14. gr. upplýsingalaga

- Upplýsingaréttur samkvæmt 14. gr. er *mun rýmri* en réttur almennings samkvæmt 5. gr. sömu laga.
- Reglur um rétt aðila til aðgangs að upplýsingum um hann sjálfan hafa annan tilgang en reglur um upplýsingarétt almennings. Túlkun þeirra fer því ekki eftir sömu sjónarmiðum
- Þegar gögn geyma bæði upplýsingar um þann sem þeirra óskar og aðra þarf að veita og meta hvorir hagsmunirnir eigi að hafa meira vægi, hagsmunir þess er óskar aðgangsins eða hagsmunir annarra af því að upplýsingum um þá sé haldið leyndum

Rætur reglunnar í 14. gr. upplýsingalaga

- Grundvöllur reglunnar snerist upphaflega um mannréttindi einstaklinga.
 - *Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 8. júlí 1989 í máli nr. 10454/83 í máli Gaskins gegn Bretlandi .*
 - Talið mikilvægt að aðildarríki MSE gættu þess að til staðar væru reglur sem tryggðu formlega úrlausn um rétt manna til aðgangs að slíkum upplýsingum.
- Reglan í 14. gr. er þó víðari, t.d. geta lögaðilar einnig nýtt sér hana til aðgangs að gögnum, sem og einstaklingar þótt málið varði ekki mannréttindi þeirra.

Framkvæmd reglunnar í 14. gr. upplýsingalaga

- A-709/2017 (Kaffitár)
- A-705/2017 (Sálfræðileg greinargerð)
- A-703/2017 (Lögregluskýrslur um látinn föður)
- A-367/2011 (Látinn faðir og aðkoma barnaverndaryfirvalda).
- A-343/2010 (Krafa systra um sanngirnissbætur)
- A-140/2002 (Gögn um flugslys)
- A-155/2000 (Gögn um heilsufar og meðferð móður kæranda)

Hver er raunhæf þýðing reglunnar í 14. gr. upplýsingalaga?

- Veitir aðila rétt til aðgangs að gögnum sem *ekki* teljast til gagna stjórnsýslumáls, t.d. upplýsinga sem tengjast þjónustustarfsemi.
- Veitir aðila rétt til aðgangs að gögnum sem tilheyra stjórnsýslumálum sem hann á ekki sjálfur aðild að.
